

## Tilkynning frá tilnefningarnefnd Íslandsbanka

Aðalfundur Íslandsbanka verður haldinn 16. mars nk. klukkan 16:00.

Tilnefningarnefnd Íslandsbanka gegnir ráðgefandi hlutverki þegar kemur að kjöri til stjórnar bankans. Á þeim hluthafafundum þar sem kjör stjórnarmanna er á dagskrá leggur nefndin fram rökstuddar tillögur varðandi þá frambjóðendur sem hún telur best til þess fallna að taka sæti í stjórn bankans. Nánari upplýsingar um hlutverk tilnefningarnefndar og starfsreglur nefndarinnar má finna á [vef Íslandsbanka](#).

Tilnefningarnefnd Íslandsbanka óskar eftir framboðum til stjórnar bankans sem kjörin verður á aðalfundi bankans þann 16. mars nk. Senda þarf umsókn til nefndarinnar fyrir klukkan 16:00 þann 13. febrúar nk. Nefndin mun birta tilnefningar sínar þann 22. febrúar.

Frambjóðendur sem vilja skila inn framboði til tilnefningarnefndar eru beðnir um að fylla út sérstakt eyðublað sem finna má á [vef bankans](#).

Athugið að störf tilnefningarnefndar og skilafrestur umsókna til hennar takmarka ekki rétt frambjóðenda til að skila inn framboðum til stjórnar bankans áður en almennur framboðsfrestur rennur út, sem er fimm (5) dögum fyrir aðalfund bankans, þ.e. klukkan 16:00 þann 11. mars 2023.

Ásamt tilnefningarnefnd bankans starfrækir Bankasýsla ríkisins sérstaka þriggja manna valnefnd sem tilnefnir aðila fyrir hönd ríkisins sem rétt hafa til setu fyrir hönd ríkisins í bankaráðum eða stjórnnum fyrirtækja á forræði stofnunarinnar.

Samkvæmt samningi milli Íslandsbanka og Bankasýslu ríkisins skulu tilnefningarnefnd bankans og valnefnd Bankasýslunnar tryggja að þegar kjösa skal í stjórn, séu í framboði til stjórnar hópur sem uppfylli á hverjum tíma ákvæði laga um samsetningu, bæði hvað breidd þekkingar og kynjahlutfall.

Vilji hluthafar koma sjónarmiðum á framfæri við nefndina er varðar störf hennar í aðdraganda aðalfundar, er þeim bent á að hafa samband við tilnefningarnefnd í gegnum netfangið [tilnefningarnefnd@islandsbanki.is](mailto:tilnefningarnefnd@islandsbanki.is) eigi síðar en 13. febrúar n.k.

### Viðhengi

[Tilkynning frá tilnefningarnefnd Íslandsbanka](#)